

Alþingi

Erindi nr. 5 116 / 2027

komudagur 20 / 10 1993 3018J

Allsherjarnefnd Alþingis
b/t formannsins
Sólveigar Pétursdóttur
Alþingi

Reykjavík 20. september 1993

Svo sem yður er kunnugt höfum við undirritaðir fimm lögmenn sent dómsmálaráðherra erindi varðandi hin nýju skaðabótalög nr. 50/1993. Var í erindi okkar m.a. að því vikið, hvernig til hefði tekist við lögfestingu reglunnar í 1. mgr. 6. gr. laganna, þar sem segir að bætur (fyrir varanlega örorku) skuli meta til fjárhæðar sem nemur 7,5-földum árslaunum tjónþola margfölduðum með örorkustigi. Ráðherrann hefur nú svarað okkur á þann veg að hann virðist ekki ætla að taka erindi okkar upp við Alþingi. Snúum við okkur því beint til yðar.

Fyrir liggur að ofangreind regla laganna er fjarri því að mæla raunverulegt fjártjón tjónþolanna af metinni örorku. Höfum við aflað útreikninga frá Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi á sjö dæmum, þar sem gerður er samanburður á bótum skv. lögnum og bótum eftir fyrri útreikningsaðferðum, en þar var svo sem kunnugt er reiknað út raunverulegt fjártjón af gefinni örorku. Fylgja hjálögð ljósrit af bréfaskiptunum við tryggingafræðinginn.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hver margföldunartala 6. gr. laganna (nú 7,5) þyrfti að vera í dæmunum sjö til þess að tjónþolarnir fengju fullar bætur fyrir fjártjón sitt:

Dæmi 1:	11,7
" 2:	12,8
" 3:	10,9
" 4:	12,6
" 5:	11,9
" 6:	10,4
" 7:	10,9

Virðist okkur því að margföldunartalan í 6. gr. laganna þurfi að vera 11,5-12 til að ná að jafnaði markmiðinu um fullar bætur.


Við förum þess á leit við yður að þér takið til athugunar, hvort þessar upplýsingar gefi tilefni til breytinga á lögnum. Vekjum við athygli á að aldrei hefur


annað staðið til en að reglur skaðabótaglagna tryggðu tjónpólum fullar bætur fyrir fjártjón af völdum líkamsmeiðsla. Er þetta m.a. tekið fram í nefndaráli meiri hluta allsherjarnefndar um frumvarpið 28. apríl 1993 (þingskj. 1033). Virðist hrein slysní hafa ráðið því hvernig til tókst í því efni.


Þessu til viðbótar viljum við benda á að milli þinganna 1991-92 og 1992-93 var gerð sú breyting á 3. mgr. 5. gr., að felldur var niður málsliðurinn "Bætur greiðast ekki ef örorkan er minni en 15%". Hins vegar hefur láðst að gera nauðsynlega breytingu til samræmis á 2. mgr. 8. gr. þar sem fjallað er um bætur til barna og tjónpóla, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur (t.d. heimavinnandi fólks). Þar eru örorkubætur að vísu miðaðar við miskastig, en það breytir þó engu um að slysa eru ekki síður fallin til að skerða starfsorku þessara tjónpóla en hinna, þó að miskastig sé mælt lægra en 15%. Verður ekki séð hvers vegna slíkt tjón á að verða óbætt.

Við erum fúsir til að mæta á fund yðar til að skýra erindi þetta frekar ef þér óskið.


Virðingarfyllst,


Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.


Viðar Már Matthíasson hrl.


Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.


Atli Gíslason hrl.


Sigurður G. Guðjónsson hrl.

Afrit send:

Öðrum nefndarmönnum í allsherjarnefnd Alþingis

Dómsmálaráðherra

Prófessor Arnljóti Björnssyni

Lögmannsstofan Skólavörðustíg 12

Pósthólf 641 - 121 Reykjavík
Sími 621018 - Telefax 629666



BALDUR GUÐLAUGSSON, hrl.
JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON, hrl.
KRISTJÁN ÞORBERGSSON, hdl.
KARL AXELSSON, hdl.

Hr. tryggingastærðfr.
Jón Erlingur Þorláksson
Austurstræti 17
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. september 1993

Ég vísa til símtals okkar varðandi samanburð á reglum um ákvörðun á fjárhæð bóta vegna líkamstjóns fyrir og eftir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993. Leyfi ég mér að óska eftir útreikningi bóta í eftirtöldum dæmum annars vegar miðað við hefðbundna aðferð fyrir gildistöku laganna og hins vegar eftir reglu 6. gr. sbr. 9. gr. þeirra. Í öllum tilvikum er gefinn upp í hundraðshlutum lækkunin sem ber að beita vegna skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu þeirra. Aðeins ber að reikna tjón vegna varanlegrar örorku og taps á lífeyrisréttindum en ekki vegna tímabundinnar örorku. Ekki ber að draga frá neinar bætur frá öðrum.

Dæmi 1.

25 ára gamall tjónþoli, 25% varanleg örorka, mánaðarlaun kr. 120.000,-. Lækkun vegna skattfrelsis o.fl. 25%.

Dæmi 2.

35 ára gamall tjónþoli, 30% varanleg örorka, mánaðarlaun kr. 90.000,-. Lækkun vegna skattfrelsis o.fl. 20%.

Dæmi 3.

45 ára gamall tjónþoli, 40% varanleg örorka, mánaðarlaun kr. 150.000,-. Lækkun vegna skattfrelsis o.fl. 30%.

Dæmi 4.

30 ára gamall tjónþoli, 10% varanleg örorka, mánaðarlaun kr. 100.000,-. Lækkun vegna skattfrelsis o.fl. 20%.

Dæmi 5.

40 ára gamall tjónþoli, 5% varanleg örorka, mánaðarlaun, kr. 135.000,-. Lækkun vegna skattfrelsis o.fl. 25%.

Dæmi 6.


50 ára gamall tjónþoli, 20% varanleg örorka, mánaðarlaun kr. 200.000,-. Lækkun vegna skattfrelsis o.fl. 35%.

Dæmi 7.

25 ára gamall tjónþoli, 100% varanleg örorka, mánaðarlaun kr. 150.000,-. Lækkun vegna skattfrelsis o.fl. 30%.

Mér þætti vænt um ef þú gætir hraðað svári þínu.

Virðingarfyllst,


Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.

Jón Erlingur Þorláksson, tryggingafr.,
Austurstræti 17, 5. hæð.
Pósthólf 1085, 121 Reykjavík.
Sími 621650. Fax 624235.

13/9 1993.

Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl.,
Skólavörðustíg 12, Reykjavík.

Ég vísa til símtals og bréfs þíns frá 9. þ.m. varðandi útreikning nokkurra dæma um bætur fyrir líkamstjón, annars vegar samkvæmt eldri reglum og hins vegar eftir skaðabótalögum nr. 50/1993.

Ég hef reynt að reikna þau 7 dæmi sem þú tilgreindir í bréfi þínu, og sjást reikningarnir að neðan. Fyrst er sýndur sundurliðaður útreikningur á dæmi nr. 3. Síðan eru niðurstöður úr öllum dæmunum.

Almennar forsendur eru m.a. þessar, og álit ég að það sé í samræmi við það sem um var rætt: a) Miskabætur eru ekki teknar með í reikninginn, b) sama örorkuprósentu er notuð hvort sem átt er við uppgjör eftir eldri reglum eða nýju lögnum.

Forsendur í einstökum dæmum eru eins og þú tilgreinir í bréfi þínu.

Dæmi nr. 3.

Aldur 45 ár. Örorka 40%. Mánaðaraun 150.000. Lækkun bóta vegna skattfrelsis o.fl. 30%.

Gamla aðferð:		Þús. kr.	Skaðabótalög:		Þús. kr.
Árslaun		1.800	Árslaun		1.800
Árlegt tap, 40%		720	Árlegt tap, 40%		720
* Höfuðstólsstuðull	11,975	8.622	* Margföldunarstuðull	7,5	5.400
Viðbót vegna lífeyrisréttinda, 4%		8.967	Lækkun vegna aldurs	* 0,80	4.320
Lækkun v. skatta o.fl., 30%		6.277			
Bætur		6.277	Bætur		4.320

Dæmi nr.	Aldur	Örorka %	Mánaðarlaun, kr.	Gamla aðferð			Skaðabótalög	
				Lækkun vegna skattfrelsis, %	Höfuðstólsstuðull	Bætur 1000 kr.	Aldursþáttur	Bætur 1000 kr.
1	25	25	120.000	25	14,951	4.198	1,00	2.700
2	35	30	90.000	20	13,794	3.718	0,90	2.187
3	45	40	150.000	30	11,975	6.277	0,80	4.320
4	30	10	100.000	20	14,438	1.441	0,95	855
5	40	5	135.000	25	12,985	820	0,85	516
6	50	20	200.000	35	10,723	3.479	0,70	2.520
7	25	100	150.000	30	14,951	19.592	1,00	13.500

Á sérstöku blaði fylgir tafla er sýnir hvernig bætur lækka með aldri samkvæmt 9. gr. skaðabótalaganna.


(frh.)

Ég tel nauðsynlegt að láta eftirfarandi athugasemdir fylgja.

Í fyrsta lagi: Miskabætur eru hluti af bóttum fyrir líkamstjón. Þær munu vera allmiklu hærri samkvæmt nýju lögunum en þær voru fyrr. Það skekkir því samanburð þegar þeim er sleppt.

Í öðru lagi: Bætur samkvæmt skaðabóttalögunum fara eftir tveimur örorkuprósentum, læknisfræðilegri örorku (miskastigi), 4. og 8. gr., og svokallaðri fjárhagslegri örorku, 5.-7. gr. Gamla aðferðin byggði eingöngu á læknisfræðilegri örorku. Það er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að hinar tvær prósentur séu eins, nema helst þegar örorka er 100% eins og í dæmi 7. Af 8. gr. má fá vísbendingu um mismuninn á þessu tvennu. Þar er t.d. gert ráð fyrir að áverkar sem mælast minni en 15 miskastig bætist aðeins með miskabóttum. - Allir tjónþolar eiga að fá miskabætur eftir 4. gr. - Upp undir helmingur þeirra tjónþola, sem fá bætur fyrir tekjutap, mun falla undir 8. gr. skaðabóttalaganna. Þar er eingöngu farið eftir miskastigi en ekki metin fjárhagsleg örorka.

Virðingarfyllst,



Skaðabótalög.

Lækkun bóta með aldri skv. 9. gr.

<u>Aldur</u>	<u>Prósent</u>
25	100
26	99
27	98
28	97
29	96
30	95
31	94
32	93
33	92
34	91
35	90
36	89
37	88
38	87
39	86
40	85
41	84
42	83
43	82
44	81
45	80
46	78
47	76
48	74
49	72
50	70
51	68
52	66
53	64
54	62
55	60
56	56
57	52
58	48
59	44
60	40
61	36
62	32
63	28
64	24
65	20
66	16
67	12
68	8
69	4
70	0

JEP 13/9 93.